

## 120. Stjórnarfundur Fenúr

**Mætt:** Ragna Halldórsdóttir, Helga J. Bjarnadóttir, Ingvar Halldórsson, Már Karlsson og Guðmundur B. Friðriksson

**Í síma:** Guðmundur Tryggvi Ólafsson

**Staður og stund:** Sorpa, Gufunesi þann 1. febrúar 2011 kl. 12:40.

### Þetta gerðist

1. Þjónustusamningur við Sorpu  
Farið var yfir núverandi þjónustusamning Fenúr við Sorpu. Núverandi samningur er frá júlí 2004. Fenúr greiðir í dag 95 þús. kr. á mánuði til Sorpu. Ragna hefur verið að greina umfang vinnu Sorpu fyrir Fenúr. Verkefni dreifast á marga starfsmenn en líklega eru þetta um 15 tímar á mánuði. Ragna mun greina betur umfang einstakra verkþátta í samningnum s.s. umsýslu við Fenúrmerkin og innheimtu félagsgjalda. Rætt um að ritari haldi utan um félagatal í stað þess að fela Sorpu verkefnið. Sorpa sinni hins vegar innheimtu félagsgjalda, umsjón með heimasíðu og sölu og geymslu Fenúrmerkjanna. Sorpa sjái jafnframt um að vista öll gögn Fenúr. Helga setur upp drög að nýjum þjónustusamningi Fenúr og Sorpu.
2. Ný heimasíða Fenúr  
Borist hafa tilboð í nýja heimasíðu frá nokkrum aðilum. Tilboð Allra 8 er talið hagstæðast, besta forritið og viðmótið. Rætt var um hvaða gjöld og vinnu þurfti að skilgreina nákvæmar í samningi. Sorpa mun sjá um að setja allt efni inná síðuna. Ragna vinnur áfram að samningi við Allra 8.
3. Aðalfundur  
Ákveðið að halda aðalfund Fenúr 2011 þann 1. apríl nk. í Reykjavík. Rætt um hugsanlega fundarsali. Guðmundur B. skoðar hvaða salir eru lausir hjá borginni. Aðalfundurinn verði kl. 11-12, matur 12-13 og ráðstefna í kjölfarið. Ragna og Már fara yfir félagatalið og undirbúa innheimtu félagsgjalda.

Næsti fundur verður hjá Sorpu í Gufunesi 22. febrúar nk. kl. 12.00

Fundi slitið kl. 13:30

Fundarritari: Guðmundur B. Friðriksson